

Fornleifarannsókn vegna lagningar jarðstrengs milli Selfoss og Þorlákshafnar



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Máí 2014
NV nr. 3-14

1. Inngangur

Fyrirhugað er að leggja jarðstreng frá Selfossi að Þorlákshöfn. Fornleifafræðistofan gerði fornleifaskráningu á svæðinu þar sem rafstrengurinn á að liggja og birti í skýrslu sinni „Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs jarðstrengs og ljósleiðara frá Selfossi að Þorlákshöfn“ sem kom út í október 2013. Í þeirri skýrslu leggur skýrsluhöfundur, Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur, til að snið verði gert í garða í landi Óseyrarnes og í landi Háeyrar, í svokallaðri Háeyrarmýri, auk framkvæmdaefirlits við Óseyri. Í bréfi, dagsettu 24.10.2013 málsnúmer 2013090006, frá Minjastofnun ríkisins tekur Kristinn Magnússon undir tillögur Bjarna F. Einarssonar um mótvægisáðgerðir.

Ólafur Árnason frá Eflu Verkfræðistofu fór þess á leit við Margréti Hallmundsdóttur fornleifafræðing hjá Náttúrustofu Vestfjarða að þessi rannsókn yrði gerð samkvæmt niðurstöðu Bjarna og Minjastofnunar.

Leyfi fékkst til fornleifarannsóknna þann 7. maí 2014 og fékk málið rannsóknarnúmerið 2014050011 og þjóðminjasafnsnúmerið 2014-11. Rannsóknin fór fram 7. maí 2014 og annaðist Margrét Hallmundsdóttir hana auk skýrsluskrifa.

Hluti minjanna í landi Óseyrar var aðeins skráður eftir loftmynd í skýrslu Fornleifastofnunar og fór því skýrsluhöfundur fyrst á svæðið og skráði þær minjar á vettvangi og fylgir sú skráning þessari skýrslu. Minjum er gefið nýtt númer en númer Fornleifastofunnar eru höfð með og merkt BFE (Bjarni F. Einarsson) þar sem það á við.

2. Fornleifaskráning í landi Óseyrarnes

Óseyrarnes 002

BFE líklega sami vegur og nr. 3:1

Sérheiti: Nesbrúin.

Hlutverk: Leið.

Tegund: Landbrú.

Staðsetning: N 377707 A 393157

Staðhættir: Nesbrú er vegur sem lá milli Selfoss og Eyrarbakka, vegurinn stefnir í SV á Óseyrarnes.

Nesbrúin, þar sem hún fer þvert yfir Engjavegin, er

um 5 m breið og ekki nema örlitlu hærra en umhverfið í kring. Grunnar pælar (skurðir) liggja meðfram henni sitt hvoru megin. Nesbrúin er að því er virðist nær þráðbein og liggur u.þ.b. NA/SV. Gróður er sá sami á henni og í umhverfinu í kring utan við að fífur virðast ekki vaxa á henni. Það gefur til kynna að hún sé þurrari en mýrin í kring, en það hefur sennilega verið takmarkið, til að auðvelda fólki förina yfir mýrina. Hestar eru hafðir á beit í mýrinni austan við Engjavegin við Nesbrúna. Nesbrúin er mjög þýfð, en hún er töluvert betur sýnileg austan við Engjavegin heldur en vestan við hann. Í örnefnaskrá Eyrarbakka segir: „Frá Óseyrarnesi upp mýrarnar, alla leið upp í Kaldaðarnesi var gömul hlaðin göngubrú, sem nefnd var Nesbrú var hún mjög mikið farin fyrir aldamót. Enn eru miklar leifar þeirrar göngubrúar¹“.

Bjarni F. Einarsson skráir í skýrslu sinni garð sem líklega er hluti af Nesbrú.



Mynd 1. Hestastígar eru á veginum (Nesbrú).



Mynd 2. Nesbrú er töluvert upphlaðinn og á nokkrum stöðum er hún 1 meter á hæð.

Minjalýsing: Gróður er sá sami á henni og í umhverfinu í kring utan við að fífur virðast ekki vaxa á henni. Það gefur til kynna að hún sé þurrari en mýrin í kring. Það hefur verið takmarkið til að auðvelda fólki förina yfir mýrina. Hestar eru hafðir á beit í mýrinni austan við Engjavegin. Nesbrú er 2,5 km en hverfur þá nærri Kaldaðarnesi. Vegurinn er

¹ Eyrabakkahreppur Örnefni.1997:28

3 metrar á breidd og hefur verið hlaðinn úr grjóti sem sér í á stöku stað þar sem rof er í veginum vegna uppblásturs. Víða á Nesbrú eru hestatroðningar sjáanlegir ofan á veginum. Brúin hefur verið mikið mannvirki á sínum tíma og mikil samgöngubót því svæðið var mýrarfláki áður en það var framræst. Ef fólk þurfti að sækja í Kaldaðarnes var Nesbrú leiðin sem farin var eða með ströndinni. Áður en Ölfusárbrú er byggð var hægt að komst yfir hjá Kotferju í Kaldaðarnesi sem var ferjustaður. Lögferja var líka í Nesi (Óseyrarnesi) frá 1693 og er Nesbrú því vegur á milli ferjustaða og aðalvegur frá ströndinni og í Kaldaðarnes.

Heimildarmaður: Ólafur Gíslason.

Óseyri IS-003

Hlutverk: Garðlag,

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N 393364 A 3778022

Staðhættir: Samsíða Nesbrú vestan megin við veginn er samsíða garðlag.

Minjalýsing: Garðurinn er 1.200 metrar og hlaðinn úr torfi. Garðurinn er um 2 metrar á breidd og 100 cm hár þar sem hann er hæstur. Garðurinn nær ekki alveg heim að skurði sem kallast Markaskurður og þar heldur Nesbúin áfram í átt að Kaldaðarnesi. Rof eru í garðinum á



Mynd 1. Garðurinn vestanmegin við Nesbrú.

nokkrum stöðum og sér í torfhleðslur. Þæla er á milli garðsins og Nesbrúar líklega vegna efnistöku í garðinn eða veginn. Hnit er tekið þar sem garðurinn endar í NA.

Hættumat: Enginn hættu ef jarðstrengur verður lagður austan megin við Nesbrú.

Óseyri IS 004**Hlutverk:** Garðlag, Landamerki**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** N 392970 A 377456

Staðhættir: Að veginum Nesbrú liggja þrjár garðar en þeir stoppa við Nesbrú. Garðarnir eru greinilega landamerkjagarðar til að skipta mýrinni. Sá garður sem næstur er Óseyri er þeirra stytur. Hnit er tekið þar sem garðurinn kemur á Nesbrú

Minjalýsing: Garðurinn myndar þríhyrning með Nesbrú

og Móscurði og er 225 metra langur. Garðurinn er illa farinn við Nesbrú líklega vegna ágangs við veginn. Hann er um 40-50 cm á hæð og mosavaxinn og gerður úr torfi. Þæla er beggja megin við garðinn sem er 2 ½ á breidd.

Hættumat Þar sem fyrirhugað er að leggja jarðstreng er garðurinn þegar illa farinn vegna umferðar búfénaðar við Nesbrú. Garðurinn er hins vegar heillegur þar á eftir.

Óseyri IS-005**Hlutverk:** Garðlag,**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** N 393392 A 3778020

Staðhættir: Að veginum Nesbrú liggja þrjár garðar en þeir stoppa við Nesbrú. Garðarnir eru greinilega landamerkjagarðar til að skipta mýrinni. Sá garður sem næst er Óseyri er þeirra stytur. Um miðja Nesbrú þar sem hún liggur um Nesrímur kemur annar garður úr suðaustri og stoppar við Nesbrú.

Minjalýsing: Garðurinn er 313 metrar og hlaðinn úr torfi. Garðurinn er um 2 metrar á breidd og 40 cm hár.



Mynd 2. Garðurinn eftir að skemmdum sleppir við Nesbrú.

Hættumat: Þar sem fyrirhugað er að leggja jarðstreng er garðurinn þegar illa farinn vegna umferðar á Nesbrú.

Óseyri IS 006

Hlutverk: Garðlag,

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N 393293 A 377891

Staðhættir: Að veginum Nesbrú liggja þrjár garðar en þeir stoppa við Nesbrú. Garðarnir eru greinilega landamerkjagarðar til að skipta mýrinni. Sá garður sem næst er Óseyri er þeirra stytstur. Um miðja Nesbrú þar sem hún liggur um Nesrima kemur annar garður úr suð austri og stoppar við Nesbrú. Hnit er tekið þar sem garðurinn kemur á Nesbrú.



Mynd 3. Garðurinn frá Nesbrú, sjá má skemmdir á honum neðst á myndinni.

Minjalýsing: Garðurinn er 818 metrar og hlaðinn úr torfi. Garðurinn er um 2 metrar á breidd og 40 cm hár.

Hættumat: Þar sem fyrirhugað er að leggja jarðstreng er garðurinn þegar illa farinn vegna umferðar á Nesbrú.

3. Fornleifarannsókn, snið í garð 006


Fornleifarannsókn (snið) var gert að kröfu Minjastofnunar ríkisins á einum að þremur görðum við Nesbrú í landi Óseyrar.

Garðurinn er 818 metrar að lengd og var sniðið tekið um 5 metra frá Nesbrú austan. Garðurinn er 55 cm hár og er pæla norðan megin við hann. Garðurinn er hlaðinn úr mýrar torfi úr [1#] pælunni og undir honum er óhreyft lag [2#] á 55 cm dýpi. 10 cm neðar er gjóskulag [3#]. Gjóskulagið er 2 cm úr svörtu grófu lagi sem er líklega úr Heklu

og sterkar líkur eru á að um sé að ræða gjósku úr gosinu sem varð 1845. Garðurinn er líklega gerður stuttu eftir það gos og eru linsur úr gjóskulaginu í garðinum.

3.1 Niðurstaða

Sterkar líkur eru á að garðurinn, ásamt hinum tveimur, sé gerður á seinnihluta 19. aldar. Hafa garðarnir verið gerðir sem landamerkjagarðar og stoppa þeir allir á Nesbrú sem bendir til þess að þeir séu ekki eldri en Nesbrú. Garðarnir eru langir og aðeins lítil hluti þeirra verður fyrir áhrifum vegna lagningu jarðstrengs. Nesbrúin sjálf hefur mikið meira minjagildi en þessir garðar og er það ályktun skýrsluhöfundar að leggja þurfi jarðstreng að minnsta kosti 5 metra frá Nesbrú austanmegin. Skemmdir á þessum görðum eru óverulegir við þá framkvæmd enda eru þeir langir og minjagildi þeirra mun minna en Nesbrúar. Framkvæmdir austan Nesbrúar myndu aðeins raska litlum hluta þessara garða sem þegar eru nokkuð skemmdir þar sem framkvæmdir yrðu gerðar vegna búfenaðar. Ef þess verður gætt að Nesbrú verði ekki fyrir skemmdum, veldur lagning þessa jarðstrengs í landi Óseyrar minniháttar röskum á minjum því aðeins lítil hluti (2%) mun raskast við framkvæmdina.



Teikning 1. Snið í garðinn við Óseyri. Teikning MHH.



Mynd 4. Garðurinn sem snið var tekið í og pæla norðan við garðinn



Mynd 5. Snið í garðinn. Gjóska í óhreyfðu lagi er greinileg.

4. Fornleifarannsókn á garðlögum í Háeyrarmýri

Stóra-Háeyri hefur löngum verið stór jörð og mannmörg. Árið 1703 var hún einbýli en heimilisfólk 12 manns², sem er nokkuð stórt sé miðað við önnur býli á sama tíma. Árið 1729 bjuggu þó ekki nema sex manns á Stóru-Háeyri.³ Stuttu síðar „[á] dögum Snorra Jónssonar [1733-59] eru venjulega 8-20 menn taldir með Háeyri, sem eitthvað ofurlítið tíunda; eru það hjáleigumenn og þurrabúðarmenn.“⁴ Árið 1788 töldust á allri Háeyrartorfunni 16 heimilisfeður og 62 menn.⁵ Árið 1801 var jörðin skráð tvíbýli⁶ og sömuleiðis árið 1845.⁷ Vigfús Guðmundsson gerði úttekt á fjölda heimila og manna á Háeyri í bók sinni *Saga Eyrarbakka*, en þar kemur fram að árið 1703 voru heimilin 20 og þar bjuggu 108 manns, árið 1801 voru heimilin jafnmörg en 79 manns. Árið 1850 voru heimilin 18 og 75 manns, árið 1870 voru heimilin 27 og 132 manns. Árið 1890 voru heimilin orðin 86 og 356 manns, árið 1900 voru heimilin 70 og þar bjuggu 353 manns. Árið 1910 voru heimilin 87 og 426 manns en árið 1920 voru þar skráð flest heimili hingað til, eða 96 talsins og þar bjuggu 444 manns. Árið 1930 voru heimilin 74 og 363 manns og loks árið 1940 voru 73 heimili á Háeyri og 310 manns sem þar bjuggu.⁸

Garðlög í Háeyrarmýri eru tugir kílómetra að lengd og mynda engjaskákir. Í örnefnaskrá Eyrarbakka segir “milli Markaskurðar og Móscurðar eru Háeyrarmýri og var skipt í engjaskákir til grasbýlana“⁹ Garðarnir eru nær allir sömu gerðar og hafa verið gerðir á svipuðum tíma. Pætur eru beggja megin við garðana þar sem torfið hefur verið tekið og vegna þess hversu blautt þetta svæði er, er enn vatn í pælunum.

Gert var snið í einn þessara garða og ekki var hægt að greina nein gjóskulög. Garðarnir gætu verið allt frá 18. öld en þá fer þurrabúðum og býlum í landi Háeyrar að fjölga og nauðsynlegt að skipta Háeyrarmýri milli þurrabúða.

² *Mannatal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 511.

³ *Mannatal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 595.

⁴ Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 146.

⁵ Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 148.

⁶ *Mannatal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 210.


⁷ *Mannatal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982, bls. 216.

⁸ Vigfús Guðmundsson. 1949, [bls. tal vantar].

⁹ Eyrarbyggihreppur Örnefni. 1997, bls. 17

4.1 Niðurstaða.

Lagning jarðstrengs veldur ekki röskun á nema agnarlitlu broti á þeim görðum sem liggja um alla Háeyrarmýri og mælast á loftmyndum tugir kílómetra.



Mynd 6. Snið af einum af fjölmörgum görðum. Þælur eru beggja vegna og oftast fullar af vatni.

5. Samantekt

Snið voru tekin í garð í Háeyrarmýri og í Nesrimum við Nesbrú í landi Óseyrar. Aðeins agnarlítið brot af þeim gríðarlega löngu görðum um Háeyrarmýri verða fyrir áhrifum vegna lagningar jarðstrengs þar í gegn. Garðarnir liggja um alla mýri og virðast allir vera á svipuðum aldri og af sömu gerð. Snið benti ekki til að garðarnir væru mjög fornir, í mesta lagi 200 ára gamlir en líklegast gerðir á 19. öld.

Við Nesbrú eru þrír garðar sem stoppa við veginn og eru þeir því ekki eldri enn hann. Snið var tekið í einn þeirra og bendir allt til þess að hann sé gerður eftir 1845, líklega stuttu eftir það. Garðarnir eru gerðir úr mýrartorfi sem tekið er í þælu norðan við þá. Garðarnir eru skemmdir þar sem þeir koma að Nesbrú. Lagning jarðstrengs austan megin við Nesbrú myndi því aðeins raska þeim þar sem þeir eru verst farnir en garðarnir eru mjög heillegir að undanskildu þessu svæði þar sem jarðstrengur fer í gegn.

Nesbrú er hinsvegar vegur sem lagður var í gegnum mýrina til að auðvelda samgöngur milli Eyrarbakka og Kaldaðarnes. Nesbrú er merkileg fornleif sem ber að vernda og forða

frá skemmdum. Skýrsluhöfundur leggur til að lagning jarðstrengs verði austanmegin við Nesbrú a.m.k. 5-10 metrar frá.

6. Heimildaskrá

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggðahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfunu. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbyggðar*. Fyrri bindi, fyrri hefti. Víkingsútgáfan, Reykjavík.